

Fundargerð 72. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum fimmtudaginn 10. mars 2022

Árið 2022, fimmtudaginn 10. mars kl. 11:00 kom saman til fundar Skrifstofu SORPU, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Freyr Ævarsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, Kristín Ólafsdóttir lögfræðingur og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Freyr Eyjólfsson starfsmaður SORPU bs. sat fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 71. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 14. febrúar sl., lögð fram til samþykktar.

Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

2. Samstarf um innleiðingu hringrásarhagkerfis - hækkum rána - 2112034SA

Samband íslenskra sveitarfélaga efnir til upphafsfundar átaksins „Samtaka um hringrásarhagkerfið“ þann 16. mars nk. Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri sambandsins og Freyr Eyjólfsson verkefnisstjóri SORPU bs. sem hafa umsjón yfir átakinu sögðu frá málinu. Átakið sem sambandið hefur sett á fót með aðstoð umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins er til að aðstoða sveitarfélög við að innleiða breytingar á meðhöndlun úrgangs sem koma til framkvæmda 1. janúar 2023. Átakið skiptist í þrjú verkefnahluta, sem allir hafa það hlutverk að renna styrkari stoðum undir innleiðingu hringrásarhagkerfið héraðs. Þessir verkefnahlutar eru: „Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku“, „Kaup í anda hringrásarhagkerfisins“ og „Borgað þegar hent er kerfi heim í hérað“. Hægt er að skrá sveitarfélög til þátttöku á vefsíðu sambandsins til 11. mars.

Verkefnisstjórn fagnar því að átakið sé farið af stað og hvetur sveitarfélög til að nýta sér þá aðstoð sem í því felst. Það er skammur tími til stefnu til að innleiða nýjar kröfur um úrgangsstjórnun sveitarfélaga og mikilvægt að sveitarfélög horfi til frekara samstarfs um þau verkefni sem framundan eru.

3. Handbók sveitarfélaga í úrgangsstjórnun - 2012018SA

Sambandið og Umhverfisstofnun undirrituðu samning, dags. 8. júní 2021, um vinnu við gerð handbókar fyrir úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Sambandið ber ábyrgð á gerð handbókarinnar og hefur fengið VSÓ-ráðgjöf til að halda utan um verkefnið. Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnar 20. september sl. Bryndís Skúladóttir efnaverkfræðingur hjá VSÓ-ráðgjöf kom á fundinn og kynnti vinnu við gerð handbókarinnar sem stefnt er að að gefa út á næstu vikum. Umhverfisstofnun mun sjá um að gefa handbókina út með aðgengilegum hætti og uppfæra hana eftir þörfum.

Verkefnisstjórn fagnar því að handbók sveitarfélaga um úrgangsstjórnun sé að fara að líta dagsins ljós og leggur áherslu á að hún verði kynnt vel og að sveitarfélögin hafi aðkomu að uppfærslum á handbókinni eftir að hún hefur verið gefin út.

4 Málafni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Innan Úrvinnslusjóðs stendur yfir vinna vegna lagabreytinga síðastliðið sumar. Verkefnisstjórnin hefur fjallað um málið á síðustu fundum sínum. Verkefnisstjóri sagði frá helstu málum sem stjórn Úrvinnslusjóðs hefur haft á sínu borði að undanförmu. Lagt fram minnisblað, dags. 10. mars, þar sem formaðar hafa verið megin spurningar sveitarfélaganna til innleiðingar Úrvinnslusjóðs á nýlegum breytingum á lögum um úrvinnslugjald og drög að svörum við þeim.

Verkefnisstjórn tekur undir áherslur í minnisblaðinu og óskar eftir að fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs kynni það í sjórninni og að stjórnin óski eftir álitum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins komi til þess að ekki sé einhugur með innleiðingu breytinga á framleiðendaábyrgð. Að álitum verkefnisstjórnar er það ein af meginforsendum farsællar innleiðingar hringrásarhagkerfis um næstu áramót að ásættanleg niðurstaða fái um útfærslu aukinnar framleiðendaábyrgðar.

5. Markaður tengdur meðhöndlun úrgangs - 2112034SA

Umfangsmiklar breytingar taka gildi á meðhöndlun úrgangs um næstu áramót sem mun breyta miklu er varðar þá þjónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum. Mikilvægt er að markaðurinn sé tilbúinn fyrir þær breytingar sem framundan eru. Jón Viggó Gunnarsson formaður verkefnisstjórnar sagði frá málinu.

Rætt var um mögulega fákeppni á markaði. Á fundinum kom fram að mikilvægt væri að hafa yfirsýn yfir markaðinn, sérstaklega á landsbyggðinni, t.d. hversu margir þjónustuaðilar eru að bjóða verkefni sveitarfélaga tengd meðhöndlun úrgangs.

Verkefnisstjórn telur mikilvægt að fram fari greining á virkni markaðarins og vísar

Því til sambandsins að skoða leiðir til að slík greining geti farið fram.

6. Starfið framundan - 2009015SA

Fulltrúar verkefnisstjórnar sögðu frá helstu verkefnum sem eru á þeirra borði um þessar mundir. Rætt um fjölda verkefna og mikilvægi þess að sveitarfélögin ræði saman um lausnir.

7. Önnur mál - 2009111SA

Ekki voru önnur mál á dagskrá þessa fundar.

Fundi var slitið kl. 13:30

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson